

2022 nr. 115 30. nóvember**Lög um evrópska langtímafjárfestingarsjóði**

Tóku gildi 1. febrúar 2023. EES-samningurinn: IX. viðauki reglugerð 2015/760.

■ 1. gr. Markmið.

□ Markmið laga þessara er að kveða á um skilyrði þess að heimilt sé að stofna, reka og markaðssetja sérhæfða sjóði sem evrópska langtímafjárfestingarsjóði eða ELTIF.

■ 2. gr. Lögfesting.

□ Ákvæði reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/760 frá 29. apríl 2015 um evrópska langtímafjárfestingarsjóði, sem er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 37 frá 27. maí 2021, bls. 1–24, skulu hafa lagagildi hér á landi með þeim aðlögunum sem leiðir af ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 19/2020 frá 7. febrúar 2020, sem birt var með auglýsingu nr. 3/2022 í C-deild Stjórnartíðinda, dags. 16. mars 2022, sbr. einnig bókun I um altæka aðlögun við samninginn um Evrópska efnahags-svæðið, sbr. lög um Evrópska efnahagssvæðið, þar sem bókunin er lögfest.

□ Þegar vísað er til laga þessara í lögnum er átt við lögin og reglugerð ESB samkvæmt þessari grein.

□ Með vísun til tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2011/61/ESB í lögum þessum er átt við ákvæði laga um rekstrar-aðila sérhæfðra sjóða.

□ Með vísun til fagfjárfestis samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB í 2. tölul. 2. gr. reglugerðar (ESB) 2015/760 er átt við fagfjárfesti samkvæmt lögum um markaði fyrir fjármálagerninga.

□ Með vísun til verðbréfafyrirtækis samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB í b-lið 7. tölul. 2. gr. reglugerðar (ESB) 2015/760 er átt við verðbréfafyrirtæki samkvæmt lögum um markaði fyrir fjármálagerninga.

□ Með vísun til váttryggingafélags samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB í c-lið 7. tölul. 2. gr. reglugerðar (ESB) 2015/760 er átt við váttryggingafélag samkvæmt lögum um váttryggingastarfsemi.

□ Með vísun til rekstrarfélags samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB í f-lið 7. tölul. 2. gr. reglugerðar (ESB) 2015/760 er átt við rekstrarfélag samkvæmt lögum um verðbréfasjóði.

□ Með vísun til fjármálagernings samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB í 16. tölul. 2. gr. reglugerðar (ESB) 2015/760 er átt við fjármálagerning samkvæmt lögum um markaði fyrir fjármálagerninga.

□ Með vísun til skipulegs markaðar samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB í 18. tölul. 2. gr. reglugerðar (ESB) 2015/760 er átt við skipulegan markað samkvæmt lögum um markaði fyrir fjármálagerninga.

□ Með vísun til markaðstorgs fjármálagerninga samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB í 19. tölul. 2. gr. reglugerðar (ESB) 2015/760 er átt við markaðstorg fjármálagerninga samkvæmt lögum um markaði fyrir fjármálagerninga.

□ Með vísun til eigna skv. 1. mgr. 50. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB í b-lið 1. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) 2015/760 er átt við eignir skv. 64. gr. laga um verðbréfasjóði, nr. 116/2021.

□ Með vísun til samstæðureikningsskila samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB í 7. mgr. 13. gr.

reglugerðar (ESB) 2015/760 er átt við samstæðureikningsskil samkvæmt lögum um ársreikninga.

□ Með vísun til samþjöppunarmarka skv. 2. mgr. 56. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB í 2. mgr. 15. gr. reglugerðar (ESB) 2015/760 er átt við takmarkanir á eignasafni skv. 72. gr. laga um verðbréfasjóði, nr. 116/2021.

□ Með vísun til lokaðs sjóðs um sameiginlega fjárfestingu samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB í b-lið 3. mgr. 23. gr. reglugerðar (ESB) 2015/760 er átt við lokaðan sjóð um sameiginlega fjárfestingu í skilningi laga um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði.

□ Með vísun til aðila skv. 2. mgr. 23. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB í 1. mgr. 29. gr. reglugerðar (ESB) 2015/760 er átt við aðila skv. 44. gr. laga um verðbréfasjóði, nr. 116/2021.

■ 3. gr. Eftirlit og upplýsingagjöf.

□ Fjármálaeftirlitið og Eftirlitsstofnun EFTA annast eftirlit samkvæmt lögum þessum í samræmi við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög um Evrópska efnahagssvæðið, og samning milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls.

□ Um eftirlitið og um upplýsingagjöf innlendra aðila, bæði til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar og stofnana innan Evrópska efnahagssvæðisins, gilda ákvæði laga þessara, ákvæði reglugerðar (ESB) 2015/760 um evrópska langtímafjárfestingarsjóði, laga um evrópskt eftirlitakerfi á fjármálamarkaði og laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að beita ákvæðum laga þessara við framkvæmd eftirlits og vegna samvinnu við Eftirlitsstofnun EFTA og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina samkvæmt lögum þessum.

□ Seðlabanki Íslands er lögbært yfirvald hér á landi í skilningi reglugerðar (ESB) 2015/760.

■ 4. gr. Eftirlitsheimildir.

□ Fjármálaeftirlitinu er heimilt að grípa til eftirfarandi ráðstafana til þess að tryggja að farið sé að lögum þessum:

1. Krefjast aðgangs að, afhendingar á eða afrits af öllum gögnum á því formi sem það telur nauðsynlegt til að sinna eftirliti sínu.

2. Krefja rekstraraðila sjóða samkvæmt lögum þessum um allar upplýsingar án tafar á því formi sem það telur nauðsynlegt til að sinna eftirliti sínu.

3. Krefja einstaklinga og lögaðila um allar upplýsingar sem tengjast starfsemi rekstraraðila sjóða samkvæmt lögum þessum.

4. Framkvæma vettvangsathuganir og vettvangsrannsóknir með fyrirframtilkynningu eða án tilkynningar.

□ Fjármálaeftirlitið skal banna rekstraraðila evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs að nota heitið ELTIF eða evrópskur langtímafjárfestingarsjóður vegna sjóðs með staðfestu hér á landi fari hann ekki að lögum þessum.

□ Fjármálaeftirlitið skal banna markaðssetningu, sbr. 4. mgr. 56. gr. laga um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, nr. 45/2020, sbr. 6. mgr. 31. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/760, ef rekstraraðili evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs uppfyllir ekki skilyrði laga þessara eða laga um rekstraraðila sérhæfðra sjóða eða stjórnvaldsfyrirmæla sem sett eru með stoð í þeim.

□ Fjármálaeftirlitið skal einungis framsenda tilkynningu skv. 57. gr. laga um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, nr. 45/2020, sbr. 7. mgr. 31. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og

ráðsins (ESB) 2015/760, ef rekstraraðili evrópsks langtíma-fjárfestingarsjóðs uppfyllir skilyrði laga þessara og laga um rekstraraðila sérhæfðra sjóða og stjórnvaldsfyrirmæla sem sett eru með stoð í þeim.

■ **5. gr.** *Aðfararhæfi ákvarðana Eftirlitsstofnunar EFTA og dóma EFTA-dómstólsins.*

□ Ákvarðanir Eftirlitsstofnunar EFTA samkvæmt lögum þessum eru aðfararhæfar, sem og dómur og úrskurðir EFTA-dómstólsins.

■ **6. gr.** *Úrbótakrafa vegna brots.*

□ Komi í ljós að ákvæðum laga þessara eða stjórnvaldsfyrirmæla settra með stoð í þeim sé ekki fylgt skal Fjármálaeftirlitið krefjast þess að úr sé bætt innan hæfilegs frests.

■ **7. gr.** *Stjórnvaldssektir.*

□ Fjármálaeftirlitið getur lagt stjórnvaldssektir á hvern þann lögaðila eða einstakling sem brýtur gegn eftirtöldum ákvæðum reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/760 eða stjórnvaldsfyrirmælum settum á grundvelli þeirra:

1. 1. mgr. 4. gr. um notkun á heitinu ELTIF eða evrópskur langtímafjárfestingarsjóður í tengslum við sjóð um sameiginlega fjárfestingu án þess að hafa fengið staðfestingu sem slíkur samkvæmt lögum þessum.

2. 1. mgr. 5. gr. með því að öðlast staðfestingu sjóðs með því að veita rangar upplýsingar.

3. 2. mgr. 5. gr. um notkun heitisins ELTIF án þess að rekstraraðili hafi verið samþykktur.

4. 2. mgr. 5. gr. með því að fá rekstraraðila samþykktan á grundvelli rangra upplýsinga.

5. 9. gr., sbr. 10.–11. gr., um fjárfestingarheimildir.

6. 12. gr. um hagsmunaárekstra.

7. 13. gr., sbr. 14. og 17. gr., um háværk fjárfestingar.

8. 15. gr. um takmarkanir á eignasafni.

9. 16. gr. um lán.

10. 23.–25. gr. vegna ítrekaðra brota á reglum um upplýsingagjöf til fjárfesta.

11. 26. gr. um aðstöðu fyrir almenna fjárfesta.

12. 27. gr. um innra matsferli vegna markaðssetningar til almennra fjárfesta.

13. 28. gr. um sértækar kröfur vegna sölu til almennra fjárfesta.

14. 5. mgr. 29. gr. um heimildir vörsluáðila til hagnýtingar á eignum í vörslu.

15. 30. gr. um viðbótarkröfur vegna markaðssetningar til almennra fjárfesta.

16. 31. gr. um markaðssetningu á evrópskum langtímafjárfestingarsjóðum.

□ Sektir sem lagðar eru á einstaklinga geta numið frá 100 þús. kr. til 800 millj. kr. Sektir sem lagðar eru á lögaðila geta numið frá 500 þús. kr. til 800 millj. kr., en geta þó verið hærri eða allt að 10% af heildarveltu samkvæmt síðasta samþykktu ársreikningi lögaðilans eða 10% af síðasta samþykktu samstæðureikningi ef lögaðili er hluti af samstæðu.

□ Þrátt fyrir 2. mgr. er heimilt að ákvarða einstaklingi eða lögaðila sem brýtur gegn lögum þessum eða stjórnvaldsfyrirmælum settum á grundvelli þeirra stjórnvaldssekt allt að tvöfaldri þeirri fjárhæð sem nemur fjárhagslegum ávinningi af broti.

□ Ákvarðanir um stjórnvaldssektir eru aðfararhæfar. Sektir renna í rkissjóð að frádragnum kostnaði við innheimtuna. Séu stjórnvaldssektir ekki greiddar innan mánaðar frá

ákvörðun Fjármálaeftirlitsins skal greiða dráttarvexti af fjárhæð sektarinnar. Um ákvörðun og útreikning dráttarvaxta fer eftir lögum um vexti og verðtryggingu.

■ **8. gr.** *Saknæmi.*

□ Stjórnsýsluviðurlögum verður beitt óháð því hvort lögbrot eru framin af ásetningi eða gáleysi.

■ **9. gr.** *Ákvörðun stjórnsýsluviðurlaga og annarra ráðstafana.*

□ Við ákvörðun stjórnsýsluviðurlaga, þar á meðal fjárhæðar stjórnvaldssekta, og annarra ráðstafana vegna brots skal tekið tillit til allra atvika sem máli skipta, þ.m.t. eftirfarandi, eftir því sem við á:

a. alvarleika brots og hvað það hefur staðið lengi yfir,

b. ábyrgðar hins brotlega,

c. fjárhagsstöðu hins brotlega, sér í lagi með hliðsjón af ársveltu lögaðila eða árstekjum einstaklings,

d. ávinnings hins brotlega af broti eða taps sem hann forðar með broti, þess tjóns sem brotið veldur þriðja aðila og, ef við á, hvers konar mögulegra kerfislegra áhrifa, að því marki sem unnt er að ákvarða það,

e. samstarfsvilja hins brotlega,

f. fyrri brota hins brotlega og hvort um ítrekað brot er að ræða, og

g. ráðstafana sem hinn brotlegi grípur til eftir brotið til að koma í veg fyrir að brotið verði endurtekið.

■ **10. gr.** *Sátt.*

□ Hafi aðili gerst brotlegur við ákvæði laga þessara eða ákvarðanir Fjármálaeftirlitsins á grundvelli þeirra er Fjármálaeftirlitinu heimilt að ljúka málinu með sátt með samþykki málsaðila, enda sé ekki um að ræða meiri háttar brot sem refsiviðurlög liggja við. Sátt er bindandi fyrir málsaðila þegar hann hefur samþykkt og staðfest efni hennar með undirskrift sinni.

□ Seðlabanki Íslands setur reglur um framkvæmd 1. mgr.

■ **11. gr.** *Réttur grunads manns.*

□ Í máli sem beinist að einstaklingi og lokið getur með álagningu stjórnvaldssekta eða kæru til lögreglu hefur sá sem rökstuddur grunur leikur á að hafi gerst sekur um lögbrot rétt til að neita að svara spurningum eða afhenda gögn eða muni nema hægt sé að útiloka að það geti haft þýðingu fyrir ákvörðun um brot hans. Fjármálaeftirlitið skal leiðbeina hinum grunada um þennan rétt.

■ **12. gr.** *Frestur til að beita stjórnsýsluviðurlögum.*

□ Heimild Fjármálaeftirlitsins til að leggja á stjórnsýsluviðurlög samkvæmt lögum þessum fellur niður þegar fimm ár eru liðin frá því að háttsemi lauk.

□ Frestur skv. 1. mgr. rofnar þegar Fjármálaeftirlitið tilkynnir aðila um upphaf rannsóknar á meintu broti. Rof frests hefur réttaráhrif gagnvart öllum sem staðið hafa að broti.

■ **13. gr.** *Refsing við broti.*

□ Það varðar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, liggja þyngri refsing ekki við broti samkvæmt öðrum lögum, að brjóta gegn eftirfarandi ákvæðum reglugerðar (ESB) 2015/760:

1. 1. mgr. 5. gr. um starfsemi án staðfestingar sjóðs.

2. 2. mgr. 5. gr. um starfsemi án þess að rekstraraðili hafi fengið samþykki til að reka evrópskan langtímafjárfestingarsjóð.

3. 2. mgr. 5. gr. um starfsemi þar sem rekstraraðili hefur fengið samþykki til að reka evrópskan langtímafjárfestingarsjóð á grundvelli rangra upplýsinga.

4. 9. gr., sbr. 10.–11. gr., um fjárfestingarheimildir.

5. 30. gr. um viðbótarkröfur vegna markaðssetningar til almennra fjárfesta.

□ Brot gegn lögum þessum varða refsingu óháð því hvort þau eru framin af ásetningi eða gáleysi.

□ Heimilt er að gera upptækan með dómi beinan eða óbeinan hagnað sem hlotist hefur af broti gegn ákvæðum laga þessara sem varða sektum eða fangelsi.

□ Tilraun til brots eða hlutdeild í broti samkvæmt lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í almennum hegningarlögum.

□ Gera má lögaðila sekt fyrir brot á lögum þessum og reglum settum á grundvelli þeirra óháð því hvort sök verði sönnuð á tiltekinn fyrirsvarsmann lögaðilans, starfsmann hans eða annan aðila sem starfar á hans vegum. Hafi fyrirsvarsmaður lögaðilans, starfsmaður hans eða annar á hans vegum með saknæmum hætti brotið gegn lögum þessum eða reglum settum á grundvelli þeirra í starfsemi lögaðilans má gera honum refsingu, auk þess að gera lögaðilanum sekt.

■ **14. gr. Kæra til lögreglu.**

□ Brot gegn lögum þessum sæta aðeins rannsókn lögreglu að undangenginni kæru Fjármálaeftirlitsins.

□ Varði meint brot á lögum þessum bæði stjórnsluviðurlögum og refsingu metur Fjármálaeftirlitið hvort mál skuli kært til lögreglu eða því lokið með stjórnvaldsákvörðun hjá því. Ef brot er meiri háttar ber Fjármálaeftirlitinu að vísa því til lögreglu. Brot telst meiri háttar ef það lýtur að verulegum fjárhæðum, ef verknaður er framinn með sérstaklega víta-verðum hætti eða við aðstæður sem auka mjög á saknæmi brotsins. Jafnframt getur Fjármálaeftirlitið á hvaða stigi rannsóknar sem er vísað máli vegna brota á lögum þessum til rannsókna lögreglu. Gæta skal samræmis við úrlausn samþætilegra mála.

□ Með kæru Fjármálaeftirlitsins skulu fylgja afrit þeirra gagna sem grunur um brot stýðst við. Ákvæði IV.–VII. kafla stjórnslulaga, nr. 37/1993, gilda ekki um ákvörðun Fjármálaeftirlitsins um að kæra mál til lögreglu.

□ Fjármálaeftirlitinu er heimilt að láta lögreglu og ákærvaldi í té upplýsingar og gögn sem það hefur aflað og tengjast þeim brotum sem tilgreind eru í 2. mgr. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að taka þátt í aðgerðum lögreglu sem varða rannsókn þeirra brota sem tilgreind eru í 2. mgr.

□ Lögreglu og ákærvaldi er heimilt að láta Fjármálaeftirlitinu í té upplýsingar og gögn sem hefur verið aflað og tengjast þeim brotum sem tilgreind eru í 2. mgr. Lögreglu er heimilt að taka þátt í aðgerðum Fjármálaeftirlitsins sem varða rannsókn þeirra brota sem tilgreind eru í 2. mgr.

□ Telji ákærandi að ekki séu efni til málshöfðunar vegna meintrar refsiverðrar háttsemi sem jafnframt varðar stjórnsluviðurlögum getur hann sent eða endursent málið til Fjármálaeftirlitsins til meðferðar og ákvörðunar.

■ **15. gr. Stjórnvaldsfyrirmæli.**

□ Seðlabanki Íslands setur reglur¹⁾ um nánari framkvæmd reglugerðar (ESB) 2015/760 um þau atriði sem koma fram í:

1. 3. mgr. 9. gr. um viðmið um þær aðstæður þar sem fjármálaafleiður þjóna eingöngu þeim tilgangi að vera vörn gegn áhættu sem er innbyggð í fjárfestingar sjóðs.

2. 7. mgr. 18. gr. um við hvaða aðstæður líftími evrópsks langtímafjárfestingarsjóðs telst nægjanlega langur til að ná yfir lífsferil hvernar einstakrar eignar sjóðsins.

3. 3. mgr. 21. gr. um þær viðmiðanir sem nota skal við mat á markaði fyrir mögulega kaupendur og verðmat á þeim eignum sem á að losa um.

4. 2. mgr. 26. gr. um tegundir og einkenni á aðstöðu fyrir fjárfesta, tæknilega innviði og verkefni hennar að því er varðar almenna fjárfesta.

□ Seðlabanki Íslands setur reglur um lok mála vegna brota gegn lögum þessum með sátt, sbr. 10. gr.

¹⁾ Rgl. 586/2023.

■ **16. gr. Gildistaka.**

□ Lög þessi öðlast gildi 1. febrúar 2023.